



Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

00.80 PS, HP/hp Garðabær 24. mars 2020

Varðar; breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Hraunum vestur.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu vegna áformaðrar breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er varðar Hraun – vestur reitur (ÍB2).

Heilbrigðiseftirlitið minnir á að á svæðinu er nokkur fjöldi fyrirtækja sem eru með starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna sinnar starfsemi. Við veitingu starfsleyfa er litið til eðli starfseminnar, líkleg áhrif hennar í nærumhverfi og staðsetningu. Gildistími starfsleyfa á íbúðarsvæðum (IB2) og á miðsvæðum (M4) er að hámarki til fjöggra ára enda ekki flokkuð sem verulega ónæðissöm eða umtalsvert mengandi, en leyfi er hægt að endurnýja ef starfsemin uppfyllir reglur.

Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að þar sem skipulag gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar og þjónustu er mikilvægt að hugað sé að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að nauðsynlegt er við framkvæmdir á svæðinu sé tekið tillit til þeirrar starfsemi sem er í gangi.

F.h. heilbrigðiseftirlitsins,

Hörður Þorsteinsson (sign)
framkvæmdastjóri